

Hverfisráð Súgandafjarðar - Snjómokstur

Til : Bryndís Ósk Jónsdóttir
Frá : Saedis Thorsdottir <saedis@fantasticfjords.is>
Heiti : Hverfisráð Súgandafjarðar - Snjómokstur
Málsnúmer : 2018100087
Málsaðili : Ísafjarðarbær
Skráð dags : 07.12.2020 13:24:06
Höfundur : Saedis Thorsdottir <saedis@fantasticfjords.is>

Viðhengi [Hverfisráð Súgandafjarðar Snjómokstur.pdf](#)[Hverfisráð Súgandafjarðar Snjómokstur.pdf](#)

Sæl Bryndís og takk fyrir spjallið.

Í viðhengi eru tillögur að breytingum á mokstursplani á Suðureyri.

Einnig langaði mér að láta fylgja hér skilaboð frá íbúa sem óskaði eftir því að hennar orð yrðu send áfram til ykkar og eru þau hér að neðan.

Hlakka til að heyra frá ykkur síðan

Góðan dag,

sem íbúi á Suðureyri þakka ég fyrir tækifærið til að koma að ábendingum varðandi snjómokstur á svæðinu. Eftirfarandi eru mínar athugasemdir.

Sem húseigandi og íbúi að Túngötu 14 hef ég í gegnum tíðina vanist því að búa á svæði sem er ekki í forgangi þegar kemur að snjómokstri. Hins vegar get ég ekki orða bundist varðandi framkvæmd snjómoksturs í götunni. Snjónum er öllum mokað í enda götunnar, þ.e. fyrir framan mitt hús að Túngötu 14, og þar myndast jafnan gríðarlegur haugur af snjó. Haugurinn teygir anga sína að tröppunum hjá mér og leiðir til þess að skafrenningur myndast sem fyllir tröppurnar mínar og hluta garðsins af snjó. Göngin sem ég moka ítrekað upp tröppurnar hjá mér fyllast jafn óðum og þegar það skefur svona úr haugnum verður snjórinn svo harður að það er mjög erfitt að moka hann. Nágrannar mínir í næstu húsum við mig þurfa oft á tíðum ekki að moka hjá sér en á sama tíma skefur allt jafnóðum hjá mér. Til viðbótar við framangreint er haugurinn staðsettur fyrir framan innkeyrsluna sem liggur upp með húsinu og get ég því ómögulega notað hana að vetri til þegar snjóar.

Ég tek fram að ég er meðvituð um að síðasti vetur var óvenju þungur en snjómoksturinn fyrir framan mitt hús hefur verið vægast sagt lélegur í mörg ár.

Ég beini því hér með vinsamlega til bæjarins að tryggja að gerðar verði nauðsynlegar úrbætur á þessu og í það minnsta að gatan verði mokað aðeins lengra þannig að haugurinn lendi ekki fyrir framan innkeyrsluna og upp við tröppurnar hjá mér heldur myndist fjær húsinu.

Með von um svör og jákvæð viðbrögð,
Kristín Ósk Egilsdóttir

--

Kær kveðja / Best Regards



Sædis Ólög Þórsdóttir / Sadie Thorsdottir

Forstjóri / President & Travel Agent

Email: saedis@fantasticfjords.is

Fantastic Fjords

Kt 470616-0670

Aðalgötu 8

430 Suðureyri

ICELAND